

Reglur um frístundastyrk

1. gr.

Gildissvið

Reglur þessar gilda um frístundastyrk Húnaþings vestra vegna barna og unglunga, á aldrinum 0-18 ára þ.e. frá fæðingu til og með ársins sem þau verða 18 ára. Styrkþegar skulu eiga lögheimili í Húnaþingi vestra.

2. gr.

Markmið

Markmið með þessum reglum er að jafna tækifæri og auka möguleika barna og unglunga, sem eiga lögheimili í Húnaþingi vestra, til að stunda íþróttir og tómstundir við sitt hæfi. Auk þess er þeim ætlað að vera hvatning til heilbrigðrar tómstundaiðkunar, þátttöku barna og unglunga í félagsstarfi og til lækkunar á kostnaði heimila.

3. gr.

Frístundastyrkur

Forráðamenn barna/ungmenna sækja um frístundastyrk á íbúagátt Húnaþings vestra. Hægt er að sækja um frístundastyrk fyrir fleiri en eitt barn/ungmenni í sömu umsókn. Styrkurinn skal nýtast til skipulagðs íþrótt- og tómstundastarfs, eða til greiðslu árskorta í íþróttamiðstöð Húnaþings vestra vegna ungmenna á aldrinum 16 – 18 ára. Heimilt er að nýta frístundastyrkinn til starfsemi íþróttafélaga og skipulagðs félags- og tómstundastarfs í Húnaþingi vestra sem greitt er fyrir með þáttökugjöldum. Styrkurinn getur náð til allrar frístundaiðkunar, þ.m.t. tónlistar- og listnáms. Styrkurinn gildir ekki sem greiðsla fyrir aðbúnað, ferðalög eða annan tilfallandi kostnað vegna keppni eða þjálfunar. Frístundastyrkur miðast við almanaksárið, en foreldrar eða forráðamenn skulu þó vera búnir að ráðstafa honum fyrir 15. desember ár hvert vegna líðandi árs. Við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra fjárhæð frístundastyrks næsta árs.

Með umsókn um frístundastyrk skal fylgja kvittun fyrir öllum greiðslum sem sótt er um styrk fyrir. Ekki er nauðsynlegt að kvittun fylgi ef sótt er um styrk vegna tónlistarnáms í Tónlistarskóla Húnaþings vestra og ekki er nauðsynlegt að skólagjöld hafi verið að fullu greidd þegar sótt er um slíkan styrk enda kemur hann þá til lækkunar á útsendum reikningum vegna skólagjalda.

4. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi á sama tíma reglur um frístundakort sem samþykktar voru í sveitarstjórn þann 13. janúar 2022.

Samþykkt á 1237. fundi byggðarráðs þann 10. febrúar 2025 og staðfest á 388. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 13. febrúar 2025.

Reglur þessar hafa vísan í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 1, 3 og 10.



Reglur þessar hafa vísan í markmið um Heilsueflandi samfélag.

